

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Innbæjarins og fjörunnar, Aðalstræti 80.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 13. apríl 2010 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Innbæinn og fjöruna. Breytingin nær til lóðar nr. 80 við Aðalstræti og felur í sér að skilgreindur er 89,25 fm byggingarreitur. Þar er leyfilegt að byggja bílgeymslu að hámarki 48 fm auk rýmis sem tengist íbúðarhúsinu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 5. maí 2010,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2010